

Hvað er á seyði

um helgina?

Myndlist — Skák — Myndlist — Tónleikar

„ÓVISSUFERÐ“ EÐA BERJAFERÐ Á SNÆFELLSNES

Ferðafélag Íslands fer í Þórsörk klukkan átta á laugardagsmorgun. Vegna myrkurs verður ekki farið á föstudagskvöld eins og verið hefur í sumar enda árnar til alls visar.

Á föstudagskvöld klukkan 20 leggur Ferðafélagið upp í þrjár helgarferðir. Fyrsta skal telja „óvissuferð“. Veit þá enginn nema fararstjórnin hvert haldið verður. Einnig verður farið í Landmannalaugar og Eldgjá. Þriðja helgarferðin er Fjallabaksleið syðri að Alftavatni.

Tvær dagsferðir verða á vegum Ferðafélagsins á sunnudag. Sú fyrri hefst klukkan 9. Verður farið á Hlöðufell og Hlöðuvelli eftir línuveginum norðan Skjaldbreiðs. Seinni dagsferðin verður farin klukkan 13. Þá verður gengið á Skálafell sunnan Helliðheidar.

Heimkomutími úr öllum ferðum

Ferðafélagsins er um kvöldmatarleytið á sunnudag. Lagt er af stað frá Umferðarmiðstöðinni.

A vegum Útivistar verður farið í helgarferð á Snæfellsnes. Er ferðin hugsuð sem berja- og skoðunarferð. Gist verður að Lýsuhóli í Staðarsveit. Útivist fer einnig í Þórsörk. Í báðar ferðirnar verður lagt af stað klukkan 20 á föstudagskvöld.

Útivist verður með tvær dagsferðir á sunnudag. Sú fyrri hefst klukkan 10.30. Verður gengið á Hengil, yfir Sporhelludal og í Grafning. Klukkan 13 verður svo lagt af stað í aðra ferð í Grafning og á Nesjavelli. Um er að ræða léttu gönguferð fyrir alla.

Útivist kemur úr öllum ferðum sínum um kvöldmatarleytið á sunnudag. Lagt er af stað frá Umferðarmiðstöðinni — vestan megin.

-GSG.



Sören Sass arkitekt, Janus Paludan sendiherra, frá Dyveke Helsted forstöðumaður Thorvaldsenssöfnis, Bjarne Jörnæs, Eva Henchen og Sören Rasmussen safnverðir við lágmynd Thorvaldsens „Nóttin“ sem gerð var í Róm árið 1815.

DV-mynd: Bj. Bj.

Thorvaldsen á Kjarvalsstöðum

— Fyrsta sýning á verkum hans hér á landi

Bertel Thorvaldsen var einn frægasti listamaður Evrópu um sína daga. Næstkomandi föstudag verður opnuð yfirlitssýning á verkum hans að Kjarvalsstöðum. Sýningin kemur frá Thorvaldsenssöfninu í Kaupmannahöfn. Þetta er í fyrsta sinn í 134 ára sögu Thorvaldsenssöfnis sem staðið er að sýningu á verkum hans á erlendri grund og jafnframt í fyrsta sinn sem haldin er sýning á verkum hans hér á landi.

Bertel Thorvaldsen var íslenskur í föðuret, sonur Gottskálks Þorvalds-sonar tréskurðarmanns, en móðir hans var dönsk og ólst hann upp í Danmörku. Hann nam dráttlist og höggmyndalist í Danmörku og síðar í Rómaborg þar sem hann bjó lengst af ævinnar. Hann varð fyrir miklum áhrifum af fornrómværskri list og varð einn helsti frumkvöðull nýklassísku stefnunnar. Eftir 40 ára dvöl í Róm fluttist Thorvaldsen aftur heim til Kaupmannahafnar 1838 og lést þar 1844 fjórum árum áður en safn hans var opnað.

Á Thorvaldsenssöfninu eru 860 verk en mikill fjöldi verka hans er dreifður víða um lönd. Af verkum hans hér á landi er til dæmis skírnarfonturinn í Dómkirkjunni sem hann „gaf ættjörð sinni“ eins og segir í áletrun á fontinum frá 1827, enda fór hann aldrei í grafgötur um uppruna sinn. Til Íslands kom hann þó aldrei.

Á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar gaf Kaupmannahafnarborg landsmönnum sjálfmynd Thorvaldsens og stóð hún fyrst á Austurvelli en var árið 1931 flutt yfir í Hljómskálagarðinn. Meðan á sýningunni stendur þrýðir stytta garð

Myndlist



Astargubinn Amor og hin mennska stúlka Psykke hafa sameinast aftur og lyftir hún skál með ódátinsvíni að vörum sér.

DV-mynd: Bj. Bj.

Kjarvalsstaða. A sýningunni er einnig brjóstmynd af Jóni Eiríkssyni konferensráði úr eigu Þjóðminjasöfnisins og marmaramynd af Ganymedesi sem Listasafn Íslands á.

Öll önnur verk, 75 talsins, koma frá Thorvaldsenssöfninu í Kaupmannahöfn og er sýningarsvæðinu á Kjarvalsstöðum skipt í herbergi sem líkjust sölum söfnisins í smækkaðri mynd.

Hugmyndina að safninu átti sendiherra Dana á Íslandi, Janus Paludan, sem er mikill aðáandi Thorvaldsens. Frú Dyveke Helsted forstöðumaður Thorvaldsenssöfnis hefur unnið að uppsetningu sýningarinnar ásamt Sören Sass arkitekt og safnvörðunum Evu Henchen, Bjarne Jörnæs og Sören Rasmussen. Af hálfu Íslendinga hafa unnið Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur og Stefán Halldórsson ásamt Þóru Kristjánsdóttur listráðunauti Kjarvalsstaða og fleirum. Í tilefni af sýningunni hefur verið gefið út veglegt rit og er Kristján Eldjárn fyrrverandi forseti einn af höfundum þess. Kristján er sérstakur verndari sýningarinnar ásamt Ingiríði drottningu.

Við opnun sýningarinnar munu Einar Hákonarson stjórnarformaður Kjarvalsstaða og Bent Nebelung stjórnarformaður Thorvaldsens-

söfnis og borgarstjóri í Kaupmannahöfn flytja ávörp en síðan mun forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, opna sýninguna.

Sýningin verður á Kjarvalsstöðum í tvo mánuði og opin daglega frá kl. 14–22. Aðgangur er ókeypis. -gb.

Ferðalög



Nú fara að verða síðustu forvöð að verða sér úti um ber.